

Nr. 611

7. júní 2011

REGLUR um bann við netaveiði göngusilungs við Þistilfjörð.

1. gr.

Bönnuð er netaveiði göngusilungs í sjó á árunum 2011 og 2012 frá og með 1. júlí til og með 10. ágúst með strandlengju Þistilfjarðar frá Hraunhafnartanga í vestri að Fonti á Langanesi í austri.

2. gr.

Brot gegn reglum þessum varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum.

3. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 5. - 7. mgr. 15. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 368/2009 um sama efni.

Fiskistofu, 7. júní 2011.

Árni Ísaksson,
forstöðumaður lax- og silungsveiðisviðs.

*Hrefna Gísladóttir, forstöðu-
maður fiskveiðistjórnunarsviðs.*

B-deild – Útgáfud.: 24. júní 2011